

Tilm. 15/2019/välfärd D 2019

Fyrri skjalsnúmer A 1803/välfärd

Afgreiðsla Norræna velferðarnefndin

Nefndarálit Norrænu velferðarnefndarinnar um
Norrænt samstarf gegn sæmdarkúgun (Tilm. 15/2019)

Tillaga

Norðurlandaráð færi svarið til bókar og líti svo á að tilmæli 15/2019 að því er varðar norrænt samstarf gegn sæmdarkúgun séu endanlega afgreidd af hálfu ráðsins.

Bakgrunnur

Tilmælin eru svohljóðandi:

Norðurlandaráð beini tilmælum til ríkisstjórna Norðurlandanna um

að þær víkki út norrænt samstarf um rannsóknir, réttarvörslukerfi og stjórnvöld sem miða að því að fyrirbyggja ofbeldi sem kennt er við heiður (heiðurs-ofbeldi);

að þær greini forvarnir norrænu ríkjanna gegn heiðursofbeldi og -kúgun og mismunandi birtingarmyndum þess svo sem barnahjónaböndum, þvinguðum hjónaböndum og limlestingu á kynfærum, bæði í sambandi við börn og ungmenni sem og forsjárhafa;

að þær greini hvernig norrænu ríkin hafa á öllum stigum þeirra beitt sér sérstaklega gegn barnahjónaböndum;

að þær greini hvernig norrænu ríkin hafa beitt sér gegn limlestingu á kynfærum stúlkna og kvenna og til hvaða ráðstafana þau hafa gripið í því skyni að tryggja þolendum slíkrar meðferðar rétt til heilbrigðisþjónustu og stuðnings;

að þær skiptist á upplýsingum um rannsóknir réttarvörslukerfisins á „heiðursglæpum“ með sérstakri skírskotun til barnahjónabanda, þvingaðra hjónabanda og limlestinga á kynfærum;

að þær greini starf norrænu landanna að málefnum kynferðislegra minnihlutahópa meðal ólíkra hópa þar sem kennisetningar tengdar heiðurssjónarmiðum bæði mæla fyrir um og vinna gegn möguleikum einstaklinga á að velja sér lífsförunaut að eigin ósk.



Svör frá ríkisstjórnnum Norðurlanda

Í upphafi er hægt að upplýsa að svör frá ríkisstjórnnum Norðurlanda og Norrænu ráðherranefndinni ber í þessu tilviki að skoða í ljósi nýju framtíðarsýnarinnar fyrir Norrænu ráðherranefndina. Við framkvæmd framtíðarsýnarinnar verða settar fram framkvæmdaáætlanir um umhverfisvæn, samkeppnishæf og félagslega sjálfbær Norðurlönd. Vinna þar að lútandi mun fara fram í samráði við Norðurlandaráð og leggja línurnar fyrir forgangsöröðun aðgerða og fjárhagsáætlunina á komandi árum. Bein svör við tilmælum, með upplýsingum um aðgerðasvið verða áherslumál þegar fram í sækir, ber þannig að skoða með fyrirvara um og í samhengi við heildarverkefnið.

Norrænu ríkisstjórnirnar eru sammála um að berjast beri gegn heiðurstengdu ofbeldi og telja auk þess að um sé að ræða svið þar sem norrænt samstarf er viðeigandi og gagnlegt. Aukið norrænt samstarf er einkum viðeigandi á sviði aðlögunarmála, jafnréttismála og dómsmála innan Norrænu ráðherranefndarinnar.

Að því er varðar aðlögunarmálin er hægt að greina frá að í júní 2019 var komið á fót norrænu tengslaneti í því skyni að miðla reynslu af aðgerðum gegn neikvæðu félagslegu taumhaldi, heiðurstengdu ofbeldi, nauðungarhjóraböndum og umskurði kvenna. Tengslanetið er skipað fulltrúum frá Svíþjóð, Noregi, Íslandi, Finnlandi, Danmörku, auk þess sem fulltrúar frá Norrænu ráðherranefndinni um aðlögunarmál taka þátt í tengslanetinu sem óformlegir fulltrúar. Tengslanetið heldur fundi tvisvar á ári.

Sem liður í starfi tengslanetsins við að miðla reynslu og þekkingu um forvarnir gegn heiðurstengdu ofbeldi og neikvæðu félagslegu taumhaldi samþykkti Norræna ráðherranefndin um aðlögunarmál haustið 2019 að hrinda af stað rannsókn á aðgerðum Norðurlandanna á þessu sviði. Rannsóknin verður að hluta til kortlagning á stefnumörkun Norðurlandanna, aðgerðum og aðferðum, að hluta til málstofa, sem með mið af kortlagningunni leggur grunn að umræðu um fyrirliggjandi þekkingu á þessu sviði og miðlun reynslu milli Norðurlandanna.

Að því er varðar svið jafnréttismála er hægt að greina frá að í samræmi við samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um jafnréttismál (2019–2022) er unnið að því að móta skilvirkar aðferðir til forvarna og baráttu gegn kynbundnu ofbeldi, þar á meðal nauðungarhjóraböndum, umskurði kvenna og heiðurstengdu ofbeldi og kúgun.

Norræna ráðherranefndin um jafnréttismál er í augnablikinu ekki með neina beina starfsemi varðandi heiðurstengt ofbeldi og brot, en hins vegar starfsemi sem beinist að annars konar kynbundnu ofbeldi, þar á meðal rannsókn á kynferðislegri áreitni á vinnumarkaði, kortlagningu á netmiðlum, sem hvetja til kynferðisbrota og ofbeldis gegn konum auk málþings til að endurmennta vestnorræna fagaðila, sem vinna með ofbeldi í nánnum samböndum.



Auk þess mun fara fram kortlagning á LGBTI-sviðinu á Norðurlöndum til að geta skipulagt aðgerðir á sviði LGBTI á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar til að ná fram sem mestu norrænu notagildi. Kortlagningin á að varpa ljósi á núverandi löggjöf og fyrirliggjandi aðgerðir og í því samhengi verður einnig haft samband við félagasamtök LGBTI-fólks á Norðurlöndunum, þar á meðal einnig samtök, sem einkum vinna með minnihlutahópa, þar sem sæmdarkúgun er sérlega útbreidd.

Að því er varðar baráttu gegn heiðurstengdu ofbeldi á löggjafarsviði er hægt að greina frá að lögreglan á Norðurlöndunum á óformlegt samstarf eftir þörfum, þar sem miðlað er þekkingu og reynslu. Það á meðal annars við um þróun verkfæra til að leggja mat á áhættu. Enn fremur hefur verið komið á fót norræn-baltnesku tengslaneti fyrir lögreglukonur (NBNP), sem er ætlað að koma í veg fyrir og berjast gegn ofbeldi gegn konum og börnum auk þess að koma í veg fyrir mansal. Tengslanetið hefur í áranna rás haldið málþing og ráðstefnur þar sem forvarnir gegn ofbeldi gegn konum og börnum, þar á meðal heiðurstengd átök og afbrot, hafa verið sérstakt áherslumál.

Danska ríkislögreglan ætlar enn fremur á vegum formennskuáætlunar Dana í Norrænu ráðherranefndinni að eiga frumkvæði að miðlun reynslu milli Norðurlandanna um starf lögreglunnar og svæðisbundinna skrifstofa ríkissaksóknara að rannsóknum á heiðurstengdu ofbeldi með áherslu á m.a. barnahjónabönd, nauðungarhjónabönd og umskurð kvenna.

Auk þess er hægt að greina frá að Norræna ráðherranefndin um löggjafarsamstarf hefur veitt fjármagni til úttektafarrinnar „*Mannréttindaleg skilyrði nálgunarbanns*“ (2019), sem var ætlað að leiða í ljós hvaða takmarkanir Evrópski mannréttindasáttmálinn setur varðandi beitingu nálgunarbanns í því skyni að koma í veg fyrir áreiti eða glæpsamlegt atferli gagnvart fyrrum maka, þar á meðal í tengslum við heiðurstengd átök. Úttektin inniheldur einnig yfirlit um framkvæmd nálgunarbanns í Danmörku, Noregi, Svíþjóð, Finnlandi og Íslandi.

Í lokin er hægt að greina frá að ríkisstjórnir Norðurlanda vilja taka með beinar tillögur Norðurlandaráðs í frekari vinnu Norrænu ráðherranefndarinnar að forvörnum og baráttu gegn heiðurstengdu ofbeldi, þar á meðal íhuga hvaða beinu verkefnum er hægt að hrinda í framkvæmd í því skyni að efla norrænt samstarf að forvörnum og baráttu gegn heiðurstengdu ofbeldi.

Ríkisstjórnir Norðurlanda telja hér með að tilmælum nr. 15/2019 sé lokið.

Álit nefndarinnar

Nefndin sér mikinn virðisauka í norrænu samstarfi um málið, að hluta til í því skyni að miðla reynslu og að hluta til vegna þess að Norðurlöndin standa svo framarlega varðandi jafnréttismál, rétt ungs fólks til að velja sér lífsförunaut o.s.frv.

Nefndin tekur vel í svar formennskulandsins um að ríkisstjórnir Norðurlanda séu sammála um að berjast beri gegn heiðurstengdu ofbeldi og að mikilsvert og viðeigandi sé að eiga samstarf Norðurlanda um málið. Það er vel að komið hafi verið á



fót tengslaneti með fulltrúum allra Norðurlandanna þar sem skipst er á reynslu um aðgerðir gegn neikvæðu félagslegu taumhaldi, heiðurstengdu ofbeldi, nauðungarhjónaböndum og umskurði kvenna.

Nefndin sér í svarinu að Norræna ráðherranefndin um aðlögunarmál hóf haustið 2019 úttekt á aðgerðum Norðurlanda á þessu sviði. Úttektin verður að hluta til kortlagning á stefnu Norðurlanda, aðgerðum og aðferðum og að hluta til málstofa sem með mið af kortlagningunni miðlar reynslu og þekkingu á þessu sviði.

Nefndin lítur það einnig jákvæðum augum að Norræna ráðherranefndin skuli í starfsáætlun sinni fyrir árin 2019–2022 vinna að þróun aðferða til forvarna og baráttu gegn kynbundnu ofbeldi, svo sem nauðungarhjónaböndum, umskurði kvenna og heiðurstengdu ofbeldi og kúgun.

Það er vel að Norræna ráðherranefndin skuli einnig láta fram fara kortlagningu á LGBTI-einstaklingum á Norðurlöndum þar sem skoða á nógildandi löggjöf og núverandi aðgerðir.

Velferðarnefndin metur mikils að lögreglan á Norðurlöndum eigi með sér óformlegt samstarf, m.a. þegar kemur að verkfærum til áhættumats. Einnig hefur verið komið á fót norræn-baltnesku tengslaneti um stefnubreytingar. Tilgangur tengslanetsins er að koma í veg fyrir og berjast gegn ofbeldi gegn konum og börnum auk þess að koma í veg fyrir mansal. Lögregluþyriföld og svæðisbundnar skrifstofur ríkissaksóknara á Norðurlöndum miðla einnig reynslu þegar kemur að heiðurstengdu ofbeldi með áherslu á barnahjónabönd, nauðungarhjónabönd og limlestingu á kynfærum kvenna.

Það er vel að Norræna ráðherranefndin um löggjafarsamstarf skuli hafa veitt fé í úttektina „Mannréttindaleg skilyrði nálgunarbanns“, sem er ætlað að leiða í ljós hvaða takmarkanir Evrópski mannréttindasáttmálinn setur varðandi beitingu nálgunarbanns og sviptingu dvalarleyfis. Tilgangurinn er að koma í veg fyrir ofsóknir eða afbrot gegn fyrrum maka.

Einnig er gott að Norræna ráðherranefndin muni halda áfram að vinna með tilmælin í þingmannatillögu Norðurlandaráðs í frekara starfi að forvörnum og baráttu gegn heiðurstengdu ofbeldi.

Norræna velferðarnefndin telur því afgreiðslu tilmælanna lokið af hálfu Norðurlandaráðs.

Norðurlöndum, 25. maí 2020

Bente Stein Mathisen (H)

Eva Lindh (S)

Høgni Hoydal (T)

Ilmari Nurminen (sd)

Kaisa Juuso (saf)

Kasper Roug (S)

Lise Bech (DF)

Maria Stockhaus (M)

Nils Sjøberg (RV)

Outi Alanko-Kahiluoto (gröna)

Per-Arne Håkansson (S)

Solveig Horne (FrP)

Solveig Sundbø Abrahamsen (H)

